

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2003/EES/6/28

frá 17. október 2001

um breytingu á V. viðauka við tilskipun ráðsins 1999/30/EB um viðmiðunargildi fyrir brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð og efnisagnir og blý í andrúmsloftinu(*)*(tilkynnt með númeri C(2001) 3091)*

(2001/744/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 1999/30/EB frá 22. júní 1999 um viðmiðunargildi fyrir brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð og efnisagnir og blý í andrúmsloftinu (1), einkum 7. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mælt er fyrir um viðmiðunargildi fyrir brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð og agnir og blý í andrúmslofti í tilskipun 1999/30/EB.
- 2) Breyta skal þeirri aðferð, sem er notuð til þess að ákvarða efri og neðri viðmiðunarmörk mats fyrir þessa mengunarvalda sem mælt er fyrir um í fyrrgreindri tilskipun, til þess að skýra reikningsaðferðina.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 2. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins 96/62/EB (2).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Texti viðaukans við þessa ákvörðun kemur í stað II. liðar V. viðauka við tilskipun 1999/30/EBE.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. október 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 278, 23.10.2001, bls. 35, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2002 frá 31. maí 2002 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 5.9.2002, bls. 16.

(1) Stjtið. EB L 163, 29.6.1999, bls. 41.

(2) Stjtið. EB L 296, 21.11.1996, bls. 55.

*VIÐAUKI***„II. Úrskurður um hvort farið er yfir efri og neðri viðmiðunarmörk mats**

Ákvarða verður hvort farið hefur verið yfir efri eða neðri viðmiðunarmörk mats á grundvelli styrks á undangengnum fimm árum ef fyrir liggja fullnægjandi gögn. Líta ber svo á að farið hafi verið yfir viðmiðunarmörk mats ef farið hefur verið yfir þau í a.m.k. þrjú stök ár af þessum fimm undangengnu árum.

Ef fyrirbyggjandi gögn ná yfir færri ár en fimm geta aðildarríkin stuðst bæði við stuttar mælingaherferðir á þeim tíma árs og á þeim stöðum, þar sem líklegast þykir að mestrar mengunar gæti, og niðurstöður upplýsinga úr skráum um losun og reiknilíkönnum til að ákvarða hvort farið hefur verið yfir efri og neðri viðmiðunarmörk mats.“
